

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1069/2013

2014/EES/36/16

frá 30. október 2013

## um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á natríumfosfötum (E 339) í náttúrulegar garnir fyrir pylsur (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum<sup>(2)</sup>, annað hvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Umsókn um leyfi fyrir notkun á natríumfosfötum (E 339) sem sýrustillum í náttúrulegar garnir fyrir pylsur var lögð fram 26. ágúst 2010 og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 4) Natríumfosföt (E 339) eru í skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni og leyfilegt er að nota þau í tiltekin matvæli, en náttúrulegar garnir fyrir pylsur eru ekki þar á meðal.
- 5) Tilteknir, aflfræðilegir eiginleikar náttúrulegra garnna sem valda vandkvæðum í pylsuiðnaðinum og draga úr skilvirkni eru að þær eiga það til að springa þegar verið er að fylla á þær og erfðara verður að smeygja görnunum (e. *sliding capacity*) upp á pylsufyllingartrektina (þær verða límkenndari).
- 6) Sýnt hefur verið fram á að natríumfosföt (E 339), sem eru notuð sem sýrustillar, henta til að bæta rennsliseiginleika náttúrulega garnna, auðvelda ferlið við að fylla pylsumnar

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 61. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

og draga úr hámarksrafti og álagi sem veldur rofi (e. *breaking strain*) í görnunum.

- 7) Vísindanefndin um matvæli <sup>(3)</sup> hefur ákvarðað að þolanleg, dagleg inntaka (MTDI) af fosfötum sé að hámarki 70 mg/kg miðað líkamsþyngd. Hámarksgildið, sem umsækjandinn lagði til, er 12 600 mg/kg af görnunum sem leiðir til 250 mg/kg hámarksyfírfærslu af fosfötum úr görnunum yfir í pylsuna í endanlegri mynd. Mesti styrkur fosfata úr meðhöndluðum, náttúrulegum görnunum verður 2,1% af þolanlegri, daglegri inntöku. Því er viðeigandi að leyfa notkun natríumfosfata sem sýrustilla til að bæta aflfræðilega eiginleika garnna fyrir pylsur.
- 8) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á natríumfosfötum (E 339) til að bæta aflfræðilega eiginleika náttúrulegra garnna fyrir pylsur telst vera uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 9) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

<sup>(3)</sup> Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 25. ritröð (bls. 13), 1991, aðgengilegar á [http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf\\_reports\\_25.pdf](http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_25.pdf).

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

## VIÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflökki 08.2.3 „Garnir og gervigarnir, þekjuefni og skraut fyrir kjöt“ á eftir færslunni fyrir E 338–452:

|  |        |   |        |          |   |
|--|--------|---|--------|----------|---|
|  | „E 339 | Natríumfosföt   | 12 600 | (4) (80) | einungis í náttúrulegar garnir fyrir pylsur |
|  |        | (4): Hámarksgildið er gefið upp sem P <sub>2</sub> O <sub>5</sub>               |        |          |   |
|  |        | (80): Yfirfærsla í fullunninni vöru skal ekki fara yfir 250 mg/kg <sup>66</sup> |        |          |   |